

Ed.

314. Frumvarp til laga

um ákvörðun fésekta.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Hvarvetna þar, sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags, skal lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í öllum lögum, sem sett hafa verið fyrir hið síðasta stríð eða í byrjun þess og hafa sektaákvæði að geyma, eru sektirnar, svo sem vænta má, miðaðar við allt aðrar aðstæður og annað verðlag en nú gildir. Eru lög þessi sett til að samræma sektirnar við núgildandi verðlag.